

# LÖG

## um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 36. gr. laganna kemur ný grein, er verður 37. gr., svohljóðandi:

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland og skal þá veghaldari girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði ef hann telur það hentugra. Sama gildir ef girðing er lögð umhverfis slík lönd er vegur liggur um. Veghaldara er heimilt að girða með vegum sínum þótt þess sé ekki krafist af landeiganda. Skal veghaldara þá skylt að setja hlið að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Skilyrði fyrir slíkri þátttöku er að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á því svæði sem friðað er. Kostnaður Vegagerðarinnar skal takmarkaður við lengd þeirra girðinga með vegum sem komist verður hjá að girða með þessum hætti.

Áður en girðingar samkvæmt þessari grein eru reistar skal haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn.

#### 2. gr.

37. og 38. gr. laganna sameinast og verða 38. gr.

#### 3. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Viðkomandi sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu. Sé viðhaldi girðinga ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óþrýði er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að framkvæma viðhald á girðingunni eða fjarlægja hana á kostnað landeiganda, sbr. þó 2. mgr.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitolöndum búfjár.

Viðhaldskostnaður girðinga með safnvegum og landsvegum greiðist af landeiganda.

Viðkomandi sveitarfélag skal annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 11. og 14.–18. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eftirfarandi texti í 2.

málsli. 1. mgr. 7. gr. sömu laga: „(sbr. 11. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 11. gr.“.

*Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

Nr. 57

8. mars 1995

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 14/1979.**

1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 20/1986.**

2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisstjórnir setur.

### III. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 32/1986.**

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

*Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Össur Skarphéðinsson.*